

Helgi Skúli Kjartansson

Sproti. Geta fornar skógarnytjar skýrt margslungið merkingarsvið?

1 Inngangur

Orðið *sproti* getur átt við býsna ólíka hluti, bæði í seinni tíma íslensku og ekki síður í fornmáli; er sú fjölbreytni rakin í kafla 2 hér á eftir. Ekki liggur í augum uppi hvernig þær merkingar eru leiddar hver af annarri. Hér er, í kafla 3, athygli beint að fornri aðferð við skógarnytjar og í framhaldi af henni, í kafla 4, sett fram sú tilgáta að orðið *sproti* hafi í norrænu fornmáli einkum verið haft um teinunga stýfðra lauftrjáa og séu aðrar merkingar orðsins að miklu leyti af því leiddar.

2 Vítt merkingarsvið

2.1 Sprotar ævintýranna

„Sprotum“ kynntist ég í uppvextinum aðallega sem *veldissprotum* konunga og *töfrasprotum* galdranorna eða ámóta persóna. Hvorugt þekkti ég nema af mynd, töfrasprotana úr myndskreyttum þjóðsögum eða ævintýrum, veldissprotana einkum af mynd kónganna í spilum. Í veruleikanum sá ég stundum stjórnanda kórs eða hljómsveitar sveifla taktstokk sem einnig nefndist *tónsproti*, enda á allan vöxt áþekkur hinum kunnulegu töfrasprotum barnabókanna.

Í íslenskum þjóðsögum koma iðulega fyrir sprotar, jafnan notaðir sem töfrasprotar, m.a. til að ljúka upp læstum dyrum, jafnvel hólum,

steinum eða standbergi.¹ Stundum er sprotinn svo nettur að ekki ber á honum fyrr en töframaðurinn tekur hann fram eða „dregur upp hjá sér“. Þó sjást menn á gangi með „sprotu í hendi“ líkt og göngustaf, og oft er sprotanum „slegið“ eða „lostið“ á það sem opna skal, því líkast sem hann sé ekki lauflettur.

Veldissprotar spilakónganna eru varla meira en álnarlangir enda myndflöturinn takmarkaður. Í annars konar myndlist má sjá bæði klassísk goð og seinni tíma kónga og keisara bera misjafnlega langa veldissprotu, jafnvel mannhæðarháa. Eitthvað slíkt sér Jónas fyrir sér þegar hann kveður um konung sinn: „Stóð hann upp af stóli, / studdist við gullspota.“

Hitt mun þó hinn almenni skilningur að sproti sé stuttur. Þegar sálmaskáldið lofar Guð og segir: „Sproti þinn og stafur hugga mig,“ þá er eðlilegt að sjá fyrir sér stafinn lengri og veigameiri, sprotann stuttan og léttan.

2.2 Sprotar jurtaríkisins

Önnur algeng tegund sprota er *vaxtarsprotar* á gróðri, notað um nýja og vaxandi stílka eða greinar. Hefur sú merking í seinni tíð öðlast táknræna útvíkkun í „sprotafyrirtækjum“. Þessi merking er samgermönsk eins og sjá má af samstofna orðum í ensku – *sprout* (nafnorð og sögn) ‘spíra’ (um jurt eða fræ) – og þýsku – *spross* ‘vaxtarsproti’² (einnig um ungmenni sem „sprotu“ af ætt sinni eða fjölskyldu). Í *Íslenskri orðsifjabók* skýrir Ásgeir Blöndal Magnússon (1989:942–943) þessa merkingu sem ‘frjóangi, trjágrein, teinungur’ og sé hún „upp-haflegust, hinar afleiddar“.

Hinar merkingarnar eru ekki aðeins sú sem nær yfir veldissprotana og töfrasprotana og heitir hjá Ásgeiri Blöndal Magnússyni (1989) einfaldlega ‘lítill stafur’, heldur ýmsar fleiri sem lítið fer fyrir í nútímamáli (aðalheimildir hér: ROH; Blöndal). *Sprotu* mátti þannig nefna lausan enda eða lafandi ól, eða skreyttan enda eða jaðar, bæði á reiðtygjum, axlaböndum og alveg sérstaklega á beltum sem tilheyrir íslenskum kvenbúningi: *beltissprotann*. Fisk af ýmsu tagi mátti kalla

¹ Íslenskar þjóðsögur I 56, 79, 249, 502, 514; II 45; III 156, 247, 549; V 228. Skáletruð blaðsíðutöl sýna hvert tilvitnað orðalag er sótt. Einnig var stuðst við orðaleit á vefnum *Þjóðsögur*.

² Bæði á þýsku og íslensku tíðkast nokkru víðari merking í grasafraedi, sbr. kennslubókardæmi í ROH: „*Sproti*. Svo nefnist ógreindur stöngull með þeim blöðum, er á honum standa.“

sprota eða *sprotafisk*: stútungsporsk, lítinn hákarl, silung ýmist stóran eða lítinn, jafnvel óflakaða lúðu. Slánaleg ungmenni eða hálfvaxin gátu kallast *sprotar*, sömuleiðis mjóir póstar sem aðskilja rúður í glugga, en það er ung aðlögun á dönskuslettunni *sprossi* (d. *sprosse*, þangað komið úr þýsku).

Þótt þessar merkingar hafi nú þokað, a.m.k. úr daglegu máli, eru þær ekki merktar sem fornar eða úreltar hjá *Blöndal* (1920–1924:784). Þannig er hins vegar merkt samsetningin *sprotabarn*,³ en hún mun upphaflega merkja ‘ósakhæft barn, of ungt til að refsa með öðru en hýðingu’. Þar er komið afbrigði af merkingunni ‘lítill stafur’, þ.e. ‘prik notað til hýðinga, refsivöndur’, en *ROH* geymir nokkur dæmi hennar allt aftur á 16. öld. Hún liggur t.d. að baki þegar Eiríkur á Brúnum talar um „tvö pólití með reidda sprota“, þ.e. ‘lögreglukylfur’.

2.3 Barefli í fornmáli

Í fornmálstextum (hér stuðst við *ONP*⁴ með hliðsjón af *Fritzner* og *Lex.Poet.*) er tíðast talað um *sprota* sem refsivendi eða barefli og samsetningar af orðinu lúta flestar að þeirri merkingu; þannig er hugtakið *sprotabarn* t.d. notað í norskum fornlögum. Í kristilegum textum er sprotinn oft tákn fyrir refsivald. Einkum er það Guð sjálfur sem beitir slíkum sprota, *reiðisprota* (eins og líka í Passíu-sálmunum), *hefnarsprota* eða *ráðningarsprota* en stöku sinnum líka *miskunnarsprota*. Einnig bregður fyrir bæði heilögum mönnum og veraldlegum höfðingjum sem handhöfum *hegningarsprota* eða *hegndarsprotans*. Sumt af þessu er þýtt eða endursagt úr latínu og liggur þá að baki orðið *virga* ‘teinungur, prik, stafur’, sérstaklega haft um hýðingarþrik, t.d. sem agatæki í skólum. Sproti Guðs og stafur hétu í latnesku biblíunni⁵ *virga* og *baculus*, hið síðara sama og *bagall* ‘hirðisstafur biskups eða ábóta’, og hætt við að lesendur Biblíunnar

³ Um hana hefur *ROH* dæmi úr þýðingu eftir Arngrím lærða sem ugglaustr er einnig heimild Blöndals. Ósagt skal látið hvort Arngrímur þekkti orðið úr samtímamáli sínu eða aðeins úr miðaldertextum.

⁴ Tilvitnanir í fornmálstexta eru, nema annað sé tekið fram, sóttar í dæmasafn á vef *ONP* þar sem þær finnast undir því leitarorði sem skáletrað er í hverri tilvitnun. Um orðið *sproti* er á vefnum fullsamin orðabókargrein með skýringum og merkingarflokkuðum dæmum; um önnur orð, t.d. samsetningar af *sproti*, er notað hrátt dæmasafnið. Allar fornmálstilvitnanir, bæði í *ONP* og aðrar heimildir, eru færðar til nútímaritháttar.

⁵ Hér og framvegis notuð *Vulgata* (1994) sem fulltrúi fyrir biblíutexta miðalda, þótt vissulega hafi þeir ekki verið allir nákvæmlega samhljóða.

á miðöldum hafi lagt hið fyrra að jöfnu við „ráðningarsprota“ Guðs (þann sem þó gat einnig birst sem „miskunnarsproti“). Sú er þó ekki endilega meining biblíutextans; þannig var *virga* líka notað um þann „kvist“ sem mun „fram spretta ... af stofni Ísai“.⁶ Í sama spádómi mun Guð svo að vísu „ljósta ofbeldismanninn með sprota munns síns“ og er þar einnig *virga* á latínunni, þá í bareflismerkingunni. Orðið gat líka haft svipaða merkingu og *baculus*; hirðisstafur t.d. kallast *virga pastoris*.

Í sumum forn málsdæmunum er ráðning veitt með sprota sem menn virðast bera með sér að staðaldri og tæplega til þess eins að lemja fólk. Þannig segir *Trójumanna saga* (1963:92) frá því þegar Ódysseifur reiddist manni í orðaskiptum, „stóð upp ..., mælti harðliga til hans og hleypur að honum og lýstur hann með sprota sínum, þeim er ger var af fílsbeini“. Eins gerir Höskuldur Dala-Kollsson í Njálu (*Ísl.s.* 135) þegar ungir strákar gantast með kynlífsvanda bróður hans: „Þá reiddist Höskuldur og laust sveininn með sprota ... en sprotinn kom í andlitið og sprakk fyrir.“ Líkt fer Örvar-Oddi (*Örv.O.* 1888:14) þegar völva hefur flutt honum óvelkominn spádóm. „Hann sprettur upp við ... og rekur sprotann á nasar henni svo að þegar lá blóð á jörðu.“

Oddur „hafði í hendi“ sprotann áður en hann hitti völvuna, en handritum ber á milli hvort það var „stór sproti“, „einn búinn sproti“ eða „búsproti“ (sama stað, nm.). Ef *búsproti* er upphaflegi leshátturinn, þá sýna hinir að afritarar hafa illa skilið orðið, en það ætti að merkja sprota til einhvers konar búverka, e.t.v. sem keyri á búpening.⁷ Eitt-hvað líkt búsprotanum kann að vaka fyrir þýðanda *Rómverja sögu* (2010:212) þar sem hann segir af liðssafnaði uppreisnarmanna nokkurra, og hafa þeir ekki eiginleg vopn handa öllu liði sínu heldur var það „margt er ekki hafði utan sprota og lurka“. Hvort tveggja eru barefli, sprotarnir væntanlega handhægari en lurkarnir. Með þeim mátti þó veita þung högg ef marka má lýsingu sama rits (2010:225) á dauða Remusar sem var lostinn „undir kinnarbeinið með einum hjarðrekastaf eða sprota með svo þungu höggi og slagi að þegar fékk hann bana af“. Þarna kynni hjarðrekastafurinn einmitt að vera búsproti. Og þá öðru nafni *keyrisproti*, en það orð kemur fyrir í landafræði *Hauksbókar* (1892–1896:177) þar sem taldir eru upp helgir dómar í Miklagarði. Þar er í upphafi „rit það er drottinn vor ritaði

⁶ Samkvæmt Viðeyjarbiblíu og síðari þýðingum; í Guðbrandsbiblíu „vönd“ sem skyldi „upprenna af kyni Jesse“. Hér eftir vefnum *Biblían*, Jesaja 11. Á þann vef eru sóttar íslenskar biblíutilvitnanir hér eftir.

⁷ Svo ONP sem giskar á „til at drive kvæg med? / for goading cattle?“.

með sínum blessuðum höndum, og *keyrisproti*“, síðan píslartækin. Skál ekki fullyrt hvort sprotinn á að tilheyrja þeim⁸ eða hvort hann er úr fórum Jesú eins og handritið.⁹ Orðið er þó vitnisburður um að sprota mátti nota sem svipu á dýr, líkt og *keyrivöndinn* sem svo heitir í Grágás og Jónsbók.

2.4 Töfrar og rúnir

Sumir sprotar fornritanna tengjast fjölkynngi eða yfirnáttúrulegum verum, líkt og töfrasprotar ævintýranna. Svo er í Vatnsdæla sögu (*Isl.s.* 1985:1900) þar sem Þórdís á Spákonufelli veit lengra nefi sínu. Hún fær skjólstæðingi sínum huliðskufl og „*stafsprotann* ... er Högnuður heitir“. Með honum á hann að snerta andstæðing sinn í málaferlum, „drepa *sprotanum* þrisvar“ á vinstri kinn hans til að svipta hann minni á vissa hluti, „láta koma *stafsprotann* við hægri kinn honum“ til að veita honum minnið á ný. Samsetningin *stafsproti* merkir þar annaðhvort að sprotinn sé eins konar stafur eða að mjói endinn á staf sé kallaður sproti.

Til Melabókar Landnámu er rakið grófara ágrip af sömu sögu (*Skarðsárþók* 1958:96). Þar er það ráð spákonunnar „að Þorkell skyldi ljósta *sprota* hennar í höfuð Guðmundi að dómi, er Hegnóður hét, og mundi hann þá ekki að mæla“. Hér dugir ekki að „drepa á“ með *sprotanum* eða „koma við“ heldur „ljósta“ líkt og þeir gera í reiði, Ódysseifur, Örvar-Oddur og Höskuldur, en þó eru það töfrar sem fylgja. Höfuðhögg eru líka töfrum blandin í Sigurðar sögu þögla þar sem dvergur nokkur hefnir sín á manni með því að birtast honum í draumi og „laust með *sprota* þrjú högg í höfuð honum“ en hann vaknar sárkvalinn af höfuðverk.

Í *Bragða-Mágus sögu* (1858:73–74) er það ekki maður sem fyrir verður þegar söguhetjan „vindur undan heklunni einum *tálknsprota*“ og lýstur honum á hallarveggina með miklum glym. Fylgdu þeir töfrar að inn í höllina fossaði vatn úr báðum áttum og með því tveir sjóherir

⁸ Íslenskum lesanda verður hugsað til þjóna æstu prestanna, þeirra sem börðu Jesú, sumir „með hnefunum en aðrir börðu hann með stöfum“. Í miðaldabibliunni latnesku er hins vegar ekki barið með stöfum heldur flötum lófum (*palmas*) og því ólíklegt að *keyrisprotinn* í Miklagarði tengist þeirri sögn. Svipan, sem Jesús var húðstrýktur með, er nefnd sérstaklega ásamt spjóti og nöglum, svo að *keyrisprotinn* á ekki við hana.

⁹ Jesús sést vissulega með keyri þegar hann rekur úr helgidóminum sauðina og nautin sem þar voru til sölu, en þar „gerði hann sér svipu úr köðlum“, einnig á latínunni (*flagellum de funiculis*).

sem þegar hófu orrustu.¹⁰ Hér er sprotinn notaður til að opna leið gegnum vegg, áþekkt því þegar sprotar síðari sagna opna dyr á hólum og björgum. Því skyld er notkun sprota til að drepa á dyr, eins og þegar söguhetjan í Vilhjálmssögu sjóðs „gengur til hurðar og sprettir á sprota,“ án þess þó að dyrnar opnast sjálfkrafa, en fjölvís kona hafði lagt á ráðin um ferð hans.

Tálknsprota ber væntanlega að skilja svo að hann sé gerður úr hvalskíði.¹¹ Slíkur sproti er líka nefndur í Hektors sögu, ekki sem töfrasproti heldur er hann ristur rúnum og þannig notaður til að koma skilaboðum til riddara nokkurs í draumi.¹²

2.5 Veldissprotar

Konungar eru meðal þeirra sem bera sprota í formálstextum. Ódysseifur var í konunga tölu. Í Karlamagnús sögu er það keisarinn sjálfur sem „hafði sér sprota einn í hendi og vildi ljósta í höfuð“ manni sem hann hafði reiðst. Í öðrum þætti sögunnar fær Karlamagnús sendimanni „gullsprota [sinn] til jartegna“, og er það væntanlega að skilja sem veldissprota. Berum orðum er það tekið fram í Dínus sögu drambláta þar sem indverskur konungssonur „bar sér í hendi einn gulligan sprota sem það væri nokkurs konar tignarmark“.

Sproti Guðs getur staðið fyrir hátign hans og almætti, auk refsivaldsins, og verið þannig allt í senn, refsivöndur, veldissproti og töfrasproti. Í *Stjórn* er því á einum stað lýst sem drottinn gerir með „sínur ríkissprota og refsingarvendi sinnar reiði“. Það er þá sami hluturinn ríkissprotinn (þ.e. veldissproti, *ríki* í merkingunni 'vald') og refsingarvöndurinn.

Á sama hátt er ekki óeðlilegt að sprotinn, sem veldissproti og töfrasproti, sé tákn Óðins þegar hann er í senn æðstur heiðinna goða og þeirra rammgöldróttastur.

Óðinn ber ekki sprota þar sem hann birtist undir eigin nafni í eddukvæðum eða Snorra-Eddu, heldur er sprotinn tákn fyrir fulltrúa

¹⁰ Í þessari lýsingu hlýtur að lifa einhvers konar minning um sviðsettar sjóorrustur í Colosseum í Róm og fleiri rómverskum hringleikahúsum. Slíkar skemmtanir höfðu einkum tíðkast á seinni hluta 1. aldar e.Kr. en var lýst í rómverskum sagnaritum sem miðaldamenn þekktu. Þannig hefur þetta minni tengst Mágusi (Maugis d'Aigremont í frönskum kappakvæðum).

¹¹ Sbr. *Íslenskar þjóðsögur* þar sem bæði kemur fyrir „tálknsproti“ (I 214) og „skíðisproti“ (I 249), væntanlega í sömu merkingu.

¹² Sbr. „launastafina“ tíu sem Egill Skallagrímsson sá ristna „á tegldu tálkni“ (*Ísl.s.*: 482).

hans eða birtingarmyndir í fornaldarsögum og skyldum frásögnum. Frægust er lýsing *Gautreks sögu* (1900:29–30) þar sem Starkaður gamli „sendir Óðni“ Vikar konung sem fórn.¹³ Þar er það öldungurinn Hrosshárs-Grani, í raun Óðinn sjálfur, sem kennir Starkaði að setja fórnina á svið eins og hún sé ekki alvara, „fékk ... geir í hönd honum og sagði að það mundi sýnast *reyrsproti*“. Með sams konar ólíkindum útbýr Starkaður gálga og snöru. Síðan „stakk Starkaður *sprotanum* á konungi“ en „*reyrsprotinn* varð að geir og stóð í gegnum konunginn“.

Hvað felst í hugtakinu *reyrsproti* verður nánar rætt síðar, en í þessu samhengi á það greinilega að draga fram hve meinlaus sprotinn virðist vera. Einnig er sproti Tómasar postula nefndur *reyrsproti* í sögu hans, notaður til að marka fyrir útlínunum byggingar¹⁴ og þá trúlega oddmjór en ekki endilega mjög öflugur.

Reyrsproti Óðins kemur einnig við sögu í Styrbjarnar þætti *Flat-eyjarbókar* (1862:72) þar sem Eiríkur Sviakonungur á við innrásarher að etja, aðkomumenn blóta Þór en Eiríkur „gekk ... í hof Óðins og gafst honum til sigurs sér“. Óðinn birtist von bráðar og „seldi honum *reyrsproti* í hönd“ sem hann átti að skjóta yfir lið óvinanna og segja: „Óðinn á yður alla!“ Um leið og *sprotanum* var skotið breyttist hann í gaflak, þ.e. kastspjót, líkt og sproti Starkaðar breyttist í geir, og fylgdu undur sem dugðu Svíum til sigurs.

Óðinn kemur ekki berlega við sögu í Haukdæla þætti *Sturlungu* (2010:2) þar sem erkiskáldið Bragi er í heimsókn hjá norskum smákonungi, föður Geirmundar heljarskinns. Mannfátt er í höllinni en „Bragi skáld var heima og sat í öndvegi og hafði *reyrsproti* einn í hendi sér og leikur að og þuldi í feld sinn“. Hér þarf ekki að taka fram að skáld eru sjálfkrafa eins konar fulltrúar Óðins, og hvort sem það er að einhverju leyti *sprotanum* að þakka, þá kemur í ljós að Bragi áttar sig á því sem öðrum er hulið, bæði um ætterni meintra og raunverulegra konungssona og um felustað drottningar.¹⁵

¹³ Umgjörðin er klassísk, hin sama og í harmleik Evripídesar um Ifigeneiu, dóttur Agamemnonns. Herfloti bíður byrjar sem samkvæmt goðsvari fæst ekki nema færa mannfórn, dóttur konungsins eða konunginn sjálfan. Fórnarathöfnin, þar sem Vikar er í senn hengdur og lagður spjóti, endurspeglar Óðin sjálfan þar sem hann „... hékk / á Vingameiði / ... / geiri undaður“ og gefinn sjálfum sér. Líkingin við síðusár Krists á krossinum er fjarlægari, þó tæplega einber tilviljun.

¹⁴ Minnir á töfrabrögð Brynjólfs biskups í þjóðsögu (*Íslenskar þjóðsögur* I 56) þar sem hann ristir með sprota sínum þrefaldan töfrahring í jörðina. Sagan er komin frá Ólafi í Purkey, væntanlega úr ritaðri geymd frá 18. öld (sbr. *Íslenskar þjóðsögur* VI 39).

¹⁵ Styttri gerð sögunnar, og um sumt frábrugðin, er sögð í Landnámu, þar aðeins nefndur sproti, ekki reyrsproti.

Þá er það augljóslega Óðinn, þótt nafnlaus sé, sem birtist í Norna-Gests þætti í *Ólafs sögu Tryggvasonar hinnu mestu* (2000:24). Hann stendur á sjávarhömrum „í heklu grænni og í bláum brókum, uppháva skúa og kneppa að legg, *laufsprotu* í hendi“ og biður um far þegar floti Sigurðar Fáfnisbana fer hjá.¹⁶ Samstofna lýsing er gefin á Óðinsbirtingunni Rauðgrana, þeim sem varð á vegi Örvar-Odds (*Örv.O.* 1888:125): „Hann var í bláflekkóttri heklu, uppháva skó, og *reysprotu* í hendi ... lét síga höttinn fyrir andlitið.“ Hér er reysprotinn hið venjulega Óðinstákn, laufsprotinn á einhvern hátt samsvarandi, hvort tveggja kannski síður notað sem vopn en óbreyttur sproti. Nánar um það síðar.

Um reysprotu án Óðins má benda á dæmi úr konungasögum¹⁷ þar sem Magnús góði afhendir Haraldi harðráða hálfu konungsríki sitt. Magnús heldur veislu, útdeilir stórum gjöfum, gengur síðast „fyrir Harald frænda sinn og hafði í hendi sér *reyrteina* tvo“ og býður Haraldi að kjósa annan teininn. Hann gerir það og Magnús segir: „Með þessum *reysprotu* gef eg yður hálfu Noregsveldi.“ Hér eru það samheiti, *reysproti* og *reyrteinn*, vísbending um að sprotar og teinar geti verið áþekkt fyrirbæri.

2.6 Og alls konar sprotar

Þá er ógetið nokkurra forn málsdæma sem enn virðast víkka út hugtakið *sproti*.

Beltissproti er nefndur, eins og fleiri sprotar, í Karlamagnús sögu. Reyndar á karlmanni en væntanlega í svipaðri merkingu og á kvenbúningi síðar. Eitthvað ámóta kemur fyrir í *Þiðriks sögu* (1905:179) þar sem lýst er undrasverðinu Ekkisaxi. Fetlar þess eru „gulli lagðir“ – um það eru handrit samsaga – „og góðum sylgjum búnir og *sprotum*, og dýrum steinum settir“. Eða „settir dýrum steinum og gullhnútum“ eða „stórum járn sylgjum og *gullsprotum*“. Þarna fara saman, í tveim textum af þremur, sylgjur og sprotar, líkast því sem sprotinn sé endi fetilsins sem nær út úr sylgjunni, eða málmkraut á slíkum

¹⁶ Auk sprotans er allur klæðaburður mannsins dæmigerður fyrir birtingarmyndir Óðins eins og Ólafur Halldórsson (1990/1984:471) hefur rakið. Að kappar, sem koma aðvífandi á herskipum, eigi orðaskipti við dularfulla persónu á landi er þekkt efnisatriði í fornaldarsögum og jafnvel eddukvæðum (dæmi: Hríngerðarmál í Helgakviðu Hjörvarðssonar).

¹⁷ Dæmi eru í Fagurskinnu, Morkinskinnu og síðari samsteypum, víðast með svipuðu orðalagi; hér vitnað í texta *Heimskringlu* (1991:620).

enda. Þetta minnir á síðari alda íslensku þar sem *sproti* gat t.d. verið „brydding á móttökum og ólaendum í látúnsreiðtygjum“ (ROH, orð Árna Magnússonar).

Elsta skráða dæmið um sprota er úr *Íslensku hómilíubókinni* (1993:80v) þar sem sagður er þáttur úr Stefáns sögu píslarvotts.¹⁸ Þar birtist klerki nokkrum í draumi heilagur maður framliðinn, kennimannsbúningur hans prýddur gulli og gimsteinum, „hafði ... *gullsprota* í hendi sér“. Ætla mætti að gullsproti væri nettur gripur, eins konar veldissproti. En draummaðurinn kallaði á klerkinn með nafni þrem snum „og knúði ... með sprotanum þrisvar“ eins og til áherslu. Þetta er helst svo að skilja að gullsprotinn sé á við göngustaf að lengd og slái draummaður honum af afli í gólfið, einna líkast draummanni Flosa í Njálu (*Ísl.s.* 1985:290), þeim sem gekk út úr Lómagnúpi með járnstaf í hendi og „varð brestur mikill“ þegar hann „laust niður stafnum“. Kannski var það líka gullsproti Karlamagnúsar sem hann ætlaði að nota til að berja mann í höfuðið, og vel hafði fllabeinssproti Ódysseifs dugað sem barefli. Sprotar virðast sem sagt að jafnaði býsna efnismiklir, jafnvel þótt gerðir séu af hinum dýrustu efnum.

Í kristinrétti Eiðsifaþingslaga hinna fornu (NGL 1846:380) segir fyrir um fiskveiðar á helgidögum. Heimilt er að vitja um net og „taka af fiska og bera ei net upp og þurrka; færi ei á stangir eða á *sprota*“. Annað handrit: „... en eigi upp á land bera að þurrka og ei á stangir eða á *sprota*“. Það er sem sagt netið sem ekki má hirða um meðan heilagt er, en venjan er sýnilega að þurrka net á stöngum eða sprotum; virðast sprotarnir þá vera einhvers konar slár, e.t.v. í hjalli.

Í *Sturlungu* (2010:637) er nefndur sproti, nánar tiltekið *tjaldsproti*, í hinni frægu lýsingu á Flugumýrabrennu. Þetta er áður en eldur var borinn að húsum, meðan árásarmenn reyna að sækja inn í bæinn. Gissur jarl hafði leitað skjóls í stafnrekkju nokkurri þegar Eyjólfur ofsi fer þar hjá án þess að vita af Gissuri sem „ætlaði að höggva tveim höndum á handlegg Eyjólfí með Brynjubít, en blóðrefillinn sverðsins kom uppi í *tjaldsprotann* og kom það högg ekki á Eyjólf“. Stafnrekkjan er greinilega lokrekkja og tjald fyrir. Tjaldsprotann átti ég löngum erfitt með að skilja, reyndi helst að sjá í honum einhvers konar hliðstæðu við beltissprota. Þangað til ég tók eftir sprota Eiðsifaþingslaga og skildi að tjaldsprotinn á Flugumýri væri honum líkur, eins konar gardínustöng sem bæri fortjald lokrekkjunnar.

Að *sproti* sé hluti af lifandi gróðri, sem virðist þó vera upprunaleg

¹⁸ Einnig til, með svipuðu orðalagi, í miklu yngra handriti sögunnar.

merking orðsins, kemur óvíða fram í fornum textum. Órækast dæmi er í biblíuþýðingunni *Stjórn* (1862:200). Senan er í Egyptalandi þar sem byrlara faraós hafði dreymt merkan draum: „Eg þóttist sjá einn vínvið fyrir mér, á hverjum voru þrír vínviðis-teinungar eður *sprotar*, og sýndist mér vísirinn vaxa smám þeim.“ Annað handrit hefur frábrugðna leshætti: „þrír ungvíðis-*sprotar* eður hríslur“, en *Vulgata* hefur *tres propagines*, þ.e. vísar að nýjum greinum sem vaxa þar sem vínviður hefur verið klipptur. Hér má liggja á milli hluta hvort „ungvíði“ er mislestur fyrir „vínviði“ eða öfugt, og hvort það eru „hríslur“ eða „teinungar“ sem afritari setur inn sem einhvers konar leiðréttingartilraun. Til samans sýna leshættirnir þýðanda og skrifara sem hvorugur er viss um hvað eigi að kalla þennan nývöxt á vínviði. Báðum kemur í hug sproti, jafnframt því sem annar nefnir teinung og hinn hríslu.

Þá er ógetið eins texta þar sem líka mun rétt, þótt ekki sé það eins augljóst, að skilja *sprota* sem hluta af lifandi gróðri. Þetta er Þorsteins þáttur forvitna, varðveittur m.a. í *Flateyjarbók* (1868:431–432), í syrpu hennar af þáttum tengdum Haraldi konungi harðráða. Þorsteini verður það á að forvitnast í þúss konungs og finna þar „hefti tvö er honum þótti hafa gulls lit, en honum sýndist sem tré væri í endann“. *Hefti* er ‘handfang, stutt skaft (eins og á hníf)’. Hér eru hefti konungs úr gulli af litnum að dæma, en endarnir eins og tré, þ.e. með sýnilegum áhringum. Fyrir forvitnina leggur konungur fyrir Þorstein þraut, nánast forsendingu. Hann á að færa konungi nýtt hefti, svo samstætt hinum fyrri „að eg megi skilja að af einum við sé“. Það er fyrir vitrun Ólafs helga og leiðarvísun einsetumanns að Þorsteinn finnur rétta staðinn, hólmið nokkurn skógi vaxinn, „en skógurinn sá er allur að sjá sem gull, og er þar orma bæli“ – orma í merkingunni ‘dreka’.¹⁹ Þorsteinn komst í hólminn. „Allur viður var þar sem á gull sæi, og þar sá hann fagran *sprota* og að þar hafði verið skorað af.“ Þorsteinn „skorar af tvö hefti“ og sleppur með þau frá drekanum – enn með hjálp Ólafs helga. Haraldur konungur þekkir að heftin eru „af því tré“ sem hin fyrri og launar Þorsteini vel.

¹⁹ Skipti þeirra Þorsteins og drekans eiga sér hliðstæður í öðrum frásögnum, t.d. af drekanum Jakúlusi í Ingvars sögu víðförla. Orðalagið að dreki eða ormur „rísí á sporðinn“ er sameiginlegt með Margrétar sögu.

3 Af skógarnytjum

3.1 Stýfð tré og teinungar

Hér skal um sinn litið til ólíkrar áttar og lýst vissri aðferð við nýtingu laufskóga að fornu.²⁰

Ög ekki einungis að fornu. Í Sandlækjarmýri í Gnúpverjahreppi hefur Skógrækt ríkisins ræktað ösp til að framleiða iðnvið (kurl handa járnblendi- og kísiliðnaðinum) og gert ýmsar tilraunir með hentugar aðferðir. Um það birti Pétur Halldórsson frétt á vef Skógræktarinnar 2014 undir heitinu *Eilífðarvélin alaskaösp. Spannandi tilraun í Sandlækjarmýri*. Við iðnviðarframleiðslu er skógurinn rjóðurfelldur, ekki grisjaður eins og við timburframleiðslu, og ræðir Pétur hve títt sé hentugt að fella skóginn og hvort þá sé rétt að gróðursetja að nýju eða láta öspina „endurnýja sig með rótarskotum og stúfsprotum“. Það gerist þannig að „annars vegar vaxa upp sprotar eða teinungar af stubbnum sem eftir er af stofni trésins, gjarnan nokkrir tugir sprota, en hins vegar koma upp rótarskot sem geta verið 3–5 við hvert tré“. Þennan nývöxt, sem Pétur nefnir stúfsprota eða aðeins sprota en líka teinunga, mun ég nú um sinn tala um sem *teinunga*.²¹ Þeir vaxa af stofni trés, ekki rötum eða greinum, og eru í eðli sínu nýir stofnar, vaxa nokkurn veginn beint upp, laufgast en mynda ekki verulegar greinar meðan þeir eru ungir.

Með líkum hætti og öspinn í Sandlækjarmýri eru ræktað fljótvaixin lauftré, aspir eða víðitegundir (pílviður), í „orkuskógum“ á Norðurlöndum og víðar í svipuðu loftslagi, þar sem tilgangurinn er að framleiða endurnýjanlegt eldsneyti í stað jarðefnaeldsneytis, t.d. til húsa-hitunar (sjá t.d. Verwijst o.fl. 2013). Þá næst meiri viðarvöxtur með því að teinungar nýti ræturnar sem fyrir eru fremur en hvert tré þurfi að mynda nýjar rætur.

Við slíka ræktun eru trén þó engar „eilífðarvélar“ heldur er gróðursett að nýju eftir að þau hafa endurnýjað sig nokkrum sinnum. Enda hægt um hönd þegar land er unnið og ný tré gróðursett með við-eigandi vélum. Fyrir tíð véltækninnar var skógur ekki ræktaður eins

²⁰ Þetta er mjög einfölduð lýsing eftir ýmsum heimildum. Aðalheimildir eru bókinn *Stævningsskovene* eftir Eiler Worsøe og ritgerðasafnið *Lövtákt och stubbskottsbruk*, einnig vefheimildir fundnar eftir leitarorðum eins og *skottskog*, *stævningsskov*, *styoing*, *hamling*, *styoing*, *coppicing*, *pollarding*; *lövtákt*, *løvhø*, *tree-hey*.

²¹ Átt er við teinunga í allt annarri merkingu en þá teinunga sem vindast hver um annan laufi þrýddir í gamalli skreytilist, t.d. í íslenskum tréskurði. Þeir eru líkir „vínviðis-teinungunum“ í *Stjórn*: sveigjanlegir og hafa eðli greina fremur en stofns.

og akur heldur treyst á sjálfsána skóga. Þá var einmitt hentugt að láta lauftré endurnýja sig með teinungum fremur en treysta á að ný yxu í stað þeirra sem felld voru. Rétt eins og í orkuskógum nútímans þá borgaði sig að nýta teinungana unga, í mesta lagi fárra áratuga gamla. En öfugt við vélvædda skógrækt nútímans var reynt að fá teinunga sem allra lengst af sömu trjánum. Stýfð tré gátu endurnýjað sig öldum saman, miklu lengur en þau hefðu lifað óstýfð. Stofninn eða stubburinn fúnaði þá í miðjunni en hélt áfram að gildna af nýjum viði hvers sumars. Má sjá þess merki í skógum að slíkir stubbar voru stundum orðnir margir metrar í þvermál þegar hætt var að stýfa þá.

Nú var alla tíð þörf fyrir óstýfð skógartré sem nýta mátti í skipasmíði og mannvirkjagerð. En að fella slík tré í skógum, færa þau til byggða og fletta þeim í borð eða bjálka, það var gríðarleg vinna áður en véltæknin kom til. Þess vegna var hagkvæmt að nota teinungana sem mest í allt sem þeir dugðu til. Í hvers kyns staura, prik, sköft eða handföng var hægast að velja mátulega gilda teinunga, frekar en vinna efnið niður úr heilum trjábolum. Til eldiviðar og kolagerðar hentuðu teinungar vel, rétt eins og í orkuskógum nútímans. Granna og sveigjanlega teinunga, einkum af víði, mátti flétta saman í körfur og fiskgildirur. Gríðarmikið af teinungum fór í girðingar. Sem girðingarstaurar voru reknir niður stinnir teinungar, oft tveir og tveir saman, og fyllt á milli, ýmist með stökum teinungum eða fléttuðum saman, eða þá með greinum af einhverju tagi.²² Mjög þjálir teinungar (eða grenigreinar þar sem þær voru tiltækar) voru hafðir til að binda girðinguna saman. Þá voru ungir teinungar skornir til að nýta laufið af þeim sem skepnufóður, laufhey. Slíkur heyskapur mun hafa tíðkast á Norðurlöndum allt frá steinöld, stundum skornar greinar af stærri trjám en hentugast að nota teinunga. Kýr þurfti að fódra á laufinu einu en fyrir sauðfé og geitfé mátti bera teinungana eins og þeir komu fyrir og láta naga af þeim bæði lauf og börk. Þar sem þannig var fódrað hefur fallið til ógrynni af mjóum prikum, hæfilegum til annarra nota, t.d. sem göngustafi.

Hversu ákjósanlegt þótti að nýta lauftré með stýfingu má sjá af margvíslegum reglum sem settar voru til að ekki yrði skortur á stærri trjám til timburframleiðslu. Vissar trjátegundir, helst eik og stundum beyki, var oft reynt að friða fyrir stýfingu, og í skógum störgóssa gat

²² Hannes Finnsson (1934:24) lýsti í ferðapistli sínum, Stokkhólmsrellu, hvernig Svíar girtu með teinungum á 18. öld: Reka niður „tvo og tvo staura“ og leggja á milli stauranna „spírir hverja ofan á aðra svo að oftast er gerðið 13 [til] 15 spíruþykktir, sem er ótrúlegur skaði fyrir skóginn“.

reglan verið sú að landsdrottinn réð yfir stóru trjánum (d. *overstandere*, e. *standards*) en lágskóginn máttu leiguliðar stýfa að vild og nýta sem teinunga. Einnig tíðkaðist, þar sem skógur var ruddur til að breyta honum í graslendi, haga og engjar, að hlífa trjám hæfilega strjálum, stýfa þau og nýta sem teinunga; það var hægt án þess að landið yrði of skuggsælt fyrir grasvöxt.

Handhægast var að stýfa tré niður við jörð svo að teinungarnir yxu nánast beint upp úr sverðinum. En þá þurfti að verja þá fyrir beit. Þegar tré voru stýfð í óvörðum skógum var öruggara að stýfa þau í seilingarhæð eða rúmlega það²³ svo að hjartardýr næðu ekki til teinunganna meðan þeir voru að ná sér á strik.

3.2 Spírir á Íslandi

Timbur, sem flutt var til Íslands, hefur verið að hluta til úr teinungum. Á síðari öldum eru stengur af því tagi nefndar *spírir*. Vitna má í taxta einokunarverslunarinnar frá 1776.²⁴ Þar eru verðlagðar smáar spírir, 5–6 álna langar, „meðalmáta“ (6 álnir), stórar (6–8 álnir) og upp í „júffertur“, 9 álna langar. Þvermálið átti að vera frá tveimur þumlungum „í rótarendann“ upp í fjóra þumlunga á júffertunum, en „í topp-endann“ frá einum þumlungi á þeim smáu upp í 2½. Hvernig þessar stengur mjökka frá rót að toppi sýnir að þær eru ekki unnar úr stærri trjábolum heldur sóttar í náttúruna. Grannir bolir af furu eða greni eru þetta ekki, því að slíkar stengur eru nefndar sérstaklega í taxtanum.²⁵ Geta spírurnar þá ekki annað verið en einmitt teinungar af lauftrjám. Sams konar skógarnytjar höfðu tíðkast frá alda öðli og því líklegt að þess háttar timbur hafi á öllum öldum verið flutt til Íslands.

²³ Á ensku heitir sú aðferð *pollarding*, gagnstætt *coppicing* þegar stýft er í jarðhæð. Í sögu H.C. Andersens, Eldfærunum, þar sem galdranornin sendir dátann í leiðangur niður um holt tré, er sýnilega átt við tré sem mjög lengi hefur verið stýft, en allhátt frá jörðu; teinungarnir vaxa þá eins og krans upp af trjából sem orðinn er geysidigur en í miðjunni löngu dauður og fúinn.

²⁴ *Lovsamling* (1853:349). Á dönsku (1853:324) heita spírurnar *lægter* sem þó er einnig haft um borð eða fjalir, en hér sýnir lýsingin að átt er við sívalar stengur. Sjá einnig nmgr. 22 um orðið *spíru* í sömu merkingu.

²⁵ *Lovsamling* (1853:348–349) (sbr. á dönsku 1853:323). Þar er talað um „timbur ... norskt, af furu og greni“ og greinilega ekki sagað timbur heldur stengur úr heilum bolum, því þær eru gildari „í rótinni“ en „í toppnum“. Stærð þeirra er frá því að vera öllu styttri og grenni en „júfferturnar“ og upp í tólf álna langar og átta þumlungar í gildari endann. Þar sem nefndar eru spírir í öðrum heimildum má vel vera að orðið nái yfir greni- og furustengur líka. Orðalagið „dönsk spíra“ (ROH) táknar þó væntanlega teinung.

Það er athyglisverð tenging orðanna *sproti* í fornmáli og *spíra* í yngra máli að *ROH* tilfærir tvö dæmi um orðið *spíra* úr Guðbrandsbiblíu, en þeim samsvara í latnesku biblíunni *sceptrum*, þ.e. veldissproti, og *virga*, einmitt orðið sem á miðöldum var helst þýtt sem *sproti*.

4 Skýringartilraun

4.1 Frá frummerkingu til varðveittra dæma

Nú er það tilgáta mín að teinungar, sem svo hafa verið nefndir hér um hríð, hafi í fornu máli kallast *sprotar*, bæði eins og þeir uxu á trjánum og eins og þeir voru nýttir til margra hluta. Það hafi verið aðalmerking orðsins en færst yfir á sambærilega hluti úr fínna efni, sem og hvað eina sem á latínu hét *virga*.

4.2 Lifandi sprotar

Í fornaldsdæmunum, sem fyrr voru rakin, er það einungis gullni sprotinn í Þorsteins þætti, sá sem heftin voru skorud af, sem er nefndur þar sem hann stendur á rótinni, raunar í ævintýralegu umhverfi frekar en náttúrulegu. Vínviðarteinungarnir í Stjórn eru ekki sprotar í sömu merkingu því þeir vaxa eins og greinar, ekki stofnar. Því er ekki að undra þótt í báðum textabrigðunum birtist nokkur vafi um hvort þeir sé rétt nefndir sprotar.

Sprotarnir sem Norðmenn höfðu til að þurrka á net sín eru, ef rétt er til getið, timbur af líku tagi og spíru einokunartaxtans; sömuleiðis tjaldsprotinn á Flugumýri, trúlega innfluttur. Sprotar fornaldsins, þeir sem notaðir eru fyrir barefli, hafa verið styttri bútar af sams konar stöngum, heftin (handföngin) í Þorsteins þætti enn styttri enda hægt að fá þau mörg af sama sprotanum. Aðrir sprotar hafa verið grennri, gerðir úr teinungum sem ekki fengu að vaxa eins lengi, eða úr mjórri endanum á teinungi, endanum sem búið er að fjarlægja af spírum verslunartaxtans til að þær séu ekki minna en einn til tveir þumlungar í mjórri endann.

4.3 *Laufsproti, reysproti, teinn*

Laufsproti, ætla má að það sé sproti sem búið er að höggva en er enn með laufinu, helst þá sproti sem skorinn er til að nýta sem laufhey.

Óvíst er hvort laufsproti hélt því nafni þegar búið var að naga af honum lauf og börk. Laufsprotar hafa verið grannir og ungir, ekki minnt á neitt barefli eða vopn. Þegar Óðinn, sjálfur „geirs dróttinn“, gengur við svo sakleysilegan staf, á það væntanlega að vera Gungnir í sams konar dulargervi og Óðinn sjálfur.

Reyrteinar, sem Magnús góði býður Haraldi harðráða að velja á milli og einnig nefnast *reyrsprotar*, þeir gætu sem best verið laufsprotar, táknrænir fyrir gróðursæld landsins sem konungar skipta með sér, jafnvel friðsældartákn meðfram. Að minnsta kosti á reyrspoti Starkaðar að vera einkar sakleysilegur. En „teinar“ sem ekki eru reyrteinar gátu verið efnismeiri, einmitt eins og sprotarnir. Þannig var hægt að nota teina sem hlunna til að draga á land flutningabáta, ef marka má norskar helgidagareglur (NGL 1846:140) sem á vissum helgidögum leyfa að menn „hlaði ... síld á skip og flytji og upp festi ef görvir eru teinar og áður til búnir. En eigi höggvi menn þá teinaefni né til geri nema sekkjast vilji“ – þ.e. ef bjarga þarf skipi á land svo það sökkvi ekki. Teinn er einnig nefndur í Heimskringlu (1991:54), í draumi Ragnhildar drottningar í Hálfðanar sögu svarta. Hana dreymir þyrni sem skyndilega breyttist og „varð teinn mikill, ... brátt ... rófasteinnur“ og að síðustu risatré sem breiddi limar sínar um allan Noreg. Þarna er teinninn upphaf að tré, einmitt eins og sproti sem fær að vaxa óstýfður.

Orðið *reyrsproti* hlýtur reyndar að vekja þá spurningu hvaða jurta-gróður hafi að fornu kallast *reyr*, sbr. reyrgresi síðari alda, og hvort reyrspottinn hafi þá ekki verið úr einhverju allt öðru en tré. En sú spurning leiðir afvega. Reyrspottar hafa ekki fengist af neinni sérstakri reyrplöntu²⁶ heldur hafa það verið sprotar nógu grannir og sveigjanlegir til að „reyra“ með þeim, þ.e. vefja eða binda. Líklega hafa reyrspottar helst fengist af víði, en það felst ekki í orðinu, og kannski mátti kalla alla sprota reyrspotta sem voru nógu léttir og grannir.

²⁶ Og alls ekki plöntu í neinni líkingu við risagrösín *bambusreyr* og *sykurreyr*. Það eru að vísu þær reyrtegundir sem helst koma fyrir í máli 19. og 20. aldar, en áður varð Íslendingum tíðræddara um *spanskreyr* þó hann sé af allt öðrum uppruna, þ.e. „grannir og sveigjanlegir stönglar sérstakra flækjupálma ... sem einkum vaxa við Indlandshaf“ eins og ROH hefur eftir virðulegu tímariti. Hann er „reyr“ af því hann er grannur og sveigjanlegur, rétt eins og reyrspoti Óðins.

Svo var kannski líka talað um einhvern allt annan „reyr“ sem hafa mátti til líkra nota.²⁷ Þegar Óðinn „sat í reyri“ samkvæmt Hávamálum, bersýnilega sem felustað, þá er ekki útilokað að orðið sé notað um einhvers konar sef eða stór sem notuð hafi verið í bönd eða reipi. Þó er tæplega hentugt að sitja lengi í votlendisgróðri. Enda má líka hugsa sér Óðin í felum þar sem tré höfðu verið stýfð og látin vaxa þéttum reyrsprotum. Kannski ekki síst þar sem sama tréð hafði verið stýft öldum saman, orðið fúíð í miðjunni en sprotavöxturinn mestur með jaðrinum.

4.4 Mistilteinn

Ein sögufræg jurtt er hvergi kölluð sproti heldur *teinungur* og má þá spyrja hvort átt sé við sams konar teinung og endranær virðist nefndur sproti eða jafnvel teinn. Frigg hafði sagt, samkvæmt Snorra-Eddu, þegar hún var spurð hvort allir hlutir hefðu unnið þess eidd að skaða ekki Baldur: „Vex viðarteinungur einn fyrir vestan Valhöll. Sá er mistilteinn kallaður. Sá þótti mér ungur at krefja eiðsins“ (*Gylfaginning* 2005:45).

Úr þessum sakleysislega teinungi varð svo vopnið sem banaði Baldri, líkt og þegar Starkaður rak Vikar konung í gegn með reyrsprotanum. Teinungs-heitið minnir líka á „teina“ Magnúsar góða sem reynast einmitt vera reyrsprotar.

Heitið *mistilteinn* er sótt í Völuspá: „mær og mjög fagur / mistilteinn“. Auk þess kemur það fyrir sem sverðsheiti í Hervarar sögu og nafnabulum. Samhengið hæfir engan veginn sníkjuplöntu þeirri sem á sænsku heitir *mistel* – væri *mistill* á íslensku – en á ensku *mistletoe*. Seinni liður orðsins er á fornensku *tān*, skýrt sem ‘kvistur, grein’, og hlýtur mistilteinn Völuspár að vera samstofna því. Hvort sem samsetningin er norræn að uppruna eða enskt tökuorð í forníslensku, þá er eðlilegt að skilja hana svo að sníkjuplantan heiti *mistill* en *mistilteinn* eigi upphaflega við trjágrein sem prýdd er sígrænu laufi mistilsins. Í tilsvari Friggjar felst hins vegar sá skilningur að mistilteinninn sé líkur öðrum teinum eða sprotum, t.d. reyrteinum Magnúsar góða. Að kenna hann við mistil felur varla í sér neina raunverulega hugmynd um hina sígrænu sníkjujurt heldur einhvers konar dulræna eða trúarlega skírskotun, enda er mistillinn fyrr og síðar tengdur helgiathöfnum.

²⁷ Án þess að fullyrða neitt um norrænt reyrgrasi má benda á að það er af sömu tegund grasa og það sem í Norður-Ameríku heitir *sweet grass*, en úr því fléttuðu frumbyggjar bönd sem notuð voru – og eru – til margra hluta, m.a. í körfur.

5 Lokaorð

Hér hafa verið leiddar líkur að þeirri tilgátu að norræna orðið *sproti* hafi í daglegu lífi einkum verið haft um teinunga þá sem vaxa upp, grannir og beinir, af stofni stýfðra lauftrjáa. Þeir voru snar þáttur skógarnytja, nýttir á margvíslegan hátt og hafa verið hverjum manni tiltækir þar sem laufskógar voru nærri, t.d. sem gönguprik eða keyri á stórgripi. Þeir sjást einnig nefndir *teinar* en síðar *spírur*.

Það er þó sjaldan sem heimildir nefna slíka sprota því nafni í raun-sæilegu samhengi. Miklu oftast er samhengið táknrænt eða ævintýrlegt, sprotinn meira eða minna í átt við veldissprota eða töfrasprota, og þá stundum úr miklu finni efnum en tré. Það ætti, samkvæmt tilgátu minni, að vera útvíkkun á grunnmerkingunni. Önnur útvíkkun felst í því að latneska orðið *virga* virðist almennt þýtt sem *sproti* í kristilegum textum.

Tilgátan styðst við líkindi fremur en afgerandi rök. Hún virðist þó gefa tækilega heildarmynd af merkingarþróun hugtaksins sem m.a. dugir til að skýra samsetningarnar *laufsproti* og *reyrsproti* sem í heimildum hafa oft goðsögulega skírskotun. Jafnvel bregður hún nokkurri birtu á hið goðsögulega hugtak *mistilteinn*.

Heimildir

Ásgeir Blöndal Magnússon. 1989. *Íslensk orðsifjabók*. Reykjavík: Orðabók Háskólans.

Bíblían = Biblía [21. aldar]; Þýðing 1981; Viðeyjarbíblía; Guðbrandsbíblía. <http://www.biblian.is/Biblian/>

Blöndal = Sigfús Blöndal o.fl. 1920–1924. *Íslensk-dönsk orðabók*. Reykjavík.

Bragða-Mágus saga. Með tilheyrandi þáttum. 1858. Útg. Gunnlaugur Þórðarson. Kaupmannahöfn: Páll Sveinsson.

Flateyjarbók = *Flateyjarbok. En Samling af norske Konge-Sagaer med indskudte mindre Fortællinger om Begivenheder i og udenfor Norge samt Annaler*. II. 1862. III. 1868. Útg. Guðbrandur Vigfússon og Carl Richard Unger. Christiania: F.T. Mallings Forlagsboghandel.

Fritzner = Johan Fritzner o.fl. 1973. *Ordbog over det gamle norske sprog*. (4. útg.) Osló: Universitetsforlaget. <http://www.edd.uio.no/perl/search/search.cgi?appid=86&tabid=1275>

Gautreks saga = *Die Gautrekssaga. In zwei Fassungen*. 1900. Útg. Wilhelm Ranisch (Palaestra 11). Berlín: Mayer & Müller.

Gylfaginning = Snorri Sturluson. 2005. *Edda. Prologue and Gylfaginning*. Útg. Anthony Faulkes (2. útg.). London: Viking Society for Northern Research.

- Hannes Finnsson. 1934/1772. Stokkhólmsrella. *Andvari* 59:16–67.
- Hauksbók*. Udgiven efter de Arnamagnæanske håndskrifter no. 371, 544 og 675, 4° samt forskellige papirhåndskrifter. 1892–1896. Útg. Finnur Jónsson. Kaupmannahöfn: Kongelige nordiske oldskrift-selskab.
- Heimskringla* = Snorri Sturluson. 1991. *Heimskringla*. Útg. Bergljót S. Kristjánsdóttir, Bragi Halldórsson, Jón Torfason og Örnólfur Thorsson. Reykjavík: Mál og menning.
- Íslenska hómiliubókin* = *The Icelandic Homily Book*. Perg. 15 4° in the Royal Library, Stockholm. 1993. Útg. Andrea de Leeuw van Weenen (Íslensk handrit/Icelandic manuscripts. Series in quarto 3). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Íslenskar þjóðsögur* = *Íslenskar þjóðsögur og ævintýri* I–VI. 1980. Útg. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson eftir safni Jóns Árnasonar. Reykjavík: Þjóðsaga/Hólar.
- Ísl.s.* = *Íslendinga sögur*. 1985. Útg. Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson og Bragi Halldórsson. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Lex.Poet.* = Sveinbjörn Egilsson og Finnur Jónsson. 1931. *Lexicon poeticum ... Ordbog over det norsk-islandske skjaldesprog*. (2. útg.) Kaupmannahöfn: Det kongelige nordiske oldskriftselskab.
- Lovsamling for Island* IV. 1853. Útg. Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson. Kaupmannahöfn: Höst.
- Lövtäkt och stubbskottsbruk. Människans förändring av landskapet – boskapskötsel och åkerbruk med hjälp av skog*. 1996. Kungliga Skogs- och Lantbruksakademien. Meddelanden 17:1–2. Ritstj. Håkan Slotte og Hans Göransson. Stokkhólmi: Kungliga Skogs- och Lantbruksakademien.
- NGL* = *Norges gamle love indtil 1387* I. 1846. Útg. Rudolf Keyser og Peter Andreas Munch. Christiania.
- ONP* = *Ordbog over det norrøne prosasprog*. http://onp.ku.dk/adgang_til_ordliste_etc/ordliste_og_citater/
- Ólafs saga Tryggvasonar en mesta* III. 2000. Útg. Ólafur Halldórsson (Editiones Arnamagnæanæ A3). Kaupmannahöfn: Den Arnamagnæanske Kommission.
- Ólafur Halldórsson. 1990/1984. Maðurinn með refðið. Í: *Grettisfærsla. Safn ritgerða eftir Ólaf Halldórsson* (Rit 38), bls. 470–474. Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi.
- Pétur Halldórsson. 2014. *Eilífðarvélín alaskaösp. Spennandi tilraun í Sandlækjarmýri*. <http://www.skogur.is/um-skograekt-rikisins/frettir/nr/2280>
- ROH* = *Ritmálssafn Orðabókar Háskólans*, á vef Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum: www.arnastofnun.is/page/gagnasofn_ritmalssafn.
- Rómverja saga*. 2010. Útg. Þorbjörg Helgadóttir (Rit 77). Reykjavík: Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- Skarðsárþingbók. Landnámabók Björns Jónssonar á Skarðsá*. 1958. Útg. Jakob Benediktsson (Rit Handritastofnunar Íslands 1). Reykjavík: Háskóli Íslands.

- Stjórn* = *Stjorn. Gammelnorsk Bibelhistorie fra Verdens Skabelse til det babyloniske Fangenskab*. 1862. Útg. Carl Richard Unger. Christiania: Feilberg & Landmark.
- Sturlunga* = *Sturlunga saga. Árna saga biskups. Hrafn saga Sveinbjarnarsonar hin sérstaka*. 2010. Útg. Örnólfur Thorsson o.fl. (2. útg.) Reykjavík: Mál og menning.
- Trójumanna saga*. 1963. Útg. Jonna Louis-Jensen (Editiones Arnarnagnæanæ A8). Kaupmannahöfn: Den Arnarnagnæanske Kommission.
- Verwijst, Theo, o.fl. 2013. *Development of Sustainable Willow Short Rotation Forestry in Northern Europe*. <http://dx.doi.org/10.5772/55072>
- Vulgata* = *Biblia Sacra Vulgata*. 1994. <https://www.biblegateway.com/versions/Biblia-Sacra-Vulgata-VULGATE/#booklist>
- Worsøe, Eiler. 1979. *Stævningsskovene*. Kaupmannahöfn: Danmarks Naturfredningsforening.
- Þiðriks saga af Bern I*. 1905. Útg. Henrik Bertelsen (STUAGNL 34:1). S. L. Møller.
- Þjóðsögur*. Útg. Netútgáfan [texti úr þjóðsögum Jóns Árnasonar]. <https://www.snerpa.is/net/thjod/>
- Örv.O.* = *Qrvar-Odds saga*. 1888. Útg. Richard Constant Boer. Leiden: E.J. Brill.

Lykilorð

merkingarþróun, forníslenska, skógarnytjar

Keywords

semantic development, Old Icelandic, forestry

Abstract

The Old Norse noun *sproti* (masc.) displays a variety of meanings, only some of which are preserved in Modern Icelandic. The present article seeks, largely on the basis of material from the Copenhagen *Dictionary of Old Norse Prose (ONP)*, to map the usage of the term and its compounds. Many of the occurrences in old texts have religious overtones, either Christian – partly as a translation of Lat. *virga* – or pagan – especially in connection with the god Óðinn, while others concern tales of magic and fantasy.

Down-to-earth use of the term is too rare for its basic meaning to clearly occur. It is, however, tempting to connect it with the common practice of coppicing or pollarding trees for a variety of uses, from tree hay to firewood, including any sort of poles or sticks. The term *sproti* would then primarily refer to the young stems harvested from such trees and secondarily to fancier magic wands and regal sceptres, even when made of ivory or gold.

The Odinic *reyrsproti* and *laufsproti* might then refer to tender stems used, respectively, for fastening (cf. vb. *reyra* ‘tie’) and for animal feed.

*Helgi Skúli Kjartansson
Háskóli Íslands, Menntavísindasvið
við Stakkahlíð, 105 Reykjavík
helgisk@hi.is*